



LESBÓK

MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Arvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórn: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvín Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.

Forsíðan

Á myndinni er Sigurður Þórir listmálari, sem opnar stóra einkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag. Viðfangsefni Sigurðar er umfram allt maðurinn í umhverfi sínu. Myndin, sem þarna sést heitir „Hér sit ég“, olíumynd frá 1987, 105x80 sm. Sigurður segir frá ferli sínum og skoðunum á listinni í samtali við Kristínu Ómarsdóttur, sem einnig birtist hér í blaðinu.



Armand

Hammer lætur viðskiptin blómstra, ekki bara í Sovétríkjunum, heldur einnig í Kína. Enginn maður hefur þekkt persónulega jafn marga leiðtoga risaveldanna og á gamals aldri er hann ennþá áhrifamikill og þakkar sér jafnvel hlut í Reykjavíkurfundi leiðtoganna 1986. Þetta er síðari hluti samantektar úr sjálfsævisögu Hammers.



Tízkan

hefur oft farið út á skrátnar brautir, þegar reynt hefur verið að flikka uppá sköpunarverkið. Hinar ótrúlegustu þísir hafa einkum verið lagðar á kvenfólkið í þessu augnamiði, stundum til að mjökka mittið meira en skaparinn gerði ráð fyrir, eða smækka fæturna.



Kýpur

er ókunnugt land flestum Íslendingum, en þar er margt að sjá og ekki bregst sólin þar. Í Ferðablaði Lesbókar er frá því sagt að Kýpur verður nýr áfangastaður Flugleiða þann 31. marz þegar flug hefst þangað í samvinnu við Luxair. Einnig er kynning á Kýpur fyrir íslenska ferðamenn og upplýsingar um ferðabjónustu þar.

GRÉTA SIGFÚSDÓTTIR

Spilaborgin

Ég reisti mér skýjaborg
skýjum ofar

þar sem stillur ríkjá
og allt er hljótt
lögð gulli sólar
og silfri mánans
á dökkum grunni

blasti hún við sýn með
ótal burstir

Ég var sem í leiðslu uns
lauk ég við
listasmíðina glæstu
á öldum ljósvakans
ómur mér barst
frá alheimsins
innsta kjarna

Þá læddist úr æsku að mér
efasemd sem æ hefur
fylgt mér síðan

Og upp lukust augu mín
lýti ég sá
á listasmíðinni glæstu
en hönd mín geigaði
er ég hróflaði við
hugverki reistu
úr spilum
og borgin hún hrundi
spil fyrir spil

og sjálf fórst ég líka
borginni með
um leið og hún hrundi
til grunna

R A B B

U ndarlega margir virðast hallast að því að ekki tæki því að vanda lífverni sitt ef ekki væri vissan um persónulegt framhaldslíf eftir dauðann. Mætustu menn hafa haft þessa afstöðu, þó að skynsamlegri virðist að minnast hins, að því færri sem tækifærin eru þeim mun meira aðkallandi er að nýta þau tækifæri vel sem gefast.

Það framhaldslíf sem ýmsir telja sig hafa kynni af gegnum spíritismann þykir mér ekki sérlega aðlaðandi. En á þeim slóðum virðast hinir framliðnu vera með nefið niðri í hvers manns koppi hérna megin grafar, og fylgjast grannt með öllum athöfnum ættingja sinna og vina, jafnt því sem fagurt er og eftirbreytnivert og hinu sem ófagurt kann að vera og jafnvel niðurlægjandi. Hins vegar segja þeir litlar fréttir úr sinni sveit.

Mætti ég biðjast undan himnaríkisvist af þessu tagi þegar röðin kemur að mér.

Hefðbundin trú á framhaldslíf er ævinlega tengd tvíhyggjunni; að auk líkamans hafi vissar lífverur „sál“, sem geti átt sjálfstæða persónulega tilveru óháða líkamanum og þannig sé það eftir dauðann. Það sé eingöngu sálin, sem „lífir“ dauðann, og því eigi dýr og jurtir sér ekki framhaldslíf, heldur aðeins maðurinn, enda hafi dýr ekki sál.

Mér er hins vegar ekki um tvíhyggjuna gefið. Einsætt virðist að allt atgervi lífvera flytjist milli einstaklinga og kynslóða með erfðunum og sé þannig einn þátturinn í einingu efnis og lífs. Tilvera „sálarinnar“ þykir mér líka um of á huldu, bæði hvornig hún komi til, svo og hvert sé umdæmi hennar og verkvið. Hún fellur þannig ekki að minni hugmyndafræði. Er hægt að sann-

Vangaveltur um lífsorkuna týndu

reyna einhvern raunveruleika varðandi sál? Er sál ekki einungis nafn sem hefur verið gefið vissri líkamsstarfsemi þroskuðustu lífvera, þ.e. manna?

Með lífið er þetta hins vegar allt á hreinu, hvornig það æxlast og birtist, enda hlýtur líka allt líf að vera „gjaldgengt“ hversu smátt og lítillátlegt sem það er. Lífið er líka óumdeilanleg staðreind; það staðfestir dauðinn.

Jafnframt verður að álykta að allt líf sé á einhvern hátt óefniskennndrar ættar, hvað sem það nú merkir, enda hefur ekki tekist að búa til líf, þó að allur hlutkenndur efniviður sem ævinlega er umgerð þess lífs sem við þekkjum hafi verið tiltækur.

Lífið er leyndardómsfullt og furðulegt fyrirbæri, enda allt á huldu um innsta eðli þess. Aðeins þekkjum við einkenni þess, að auk viðhalds sjálfs sín og tegundarinnar eigi líf sér alltaf þann eiginleika að bregðast við áorkan, ýmist með skynjun eða með svörun áreitis. Jafnvel jurtir skynja á ýmsan hátt. Að vísu munu frumstæðustu viðbrögð aðeins vera svörun áreitis, svo sem eins og þegar blóm snúa sér mót sólu. — Og mér dettur í hug svona í leiðinni að þannig gæti það líka verið með eitt af gömlu grenitrijánnum mínum á Laxatanga, sem með stuttu en afar þéttu limi sínu móti norðanátt-

inni hefur myndað óvenjulegan og samþjappaðan skjólvegg, meðan syðri helmingur trésin á sér eðlilegan gisnari vöxt. — Þegar jurtir taka upp á því að veiða skordýr sér til matar verður það aftur á móti varla kallað annað en skynjun.

Hjá þróðra lífi gæti þessi eiginleiki verið eitthvað meira en skynjun; að minnsta kosti á hann lítið skylt við skynjun frumstæðra lífvera. — Ég var til dæmis að taka fyrir nokkru vitni að því að hundur einn sat makindalega nokkra stund og virtist „hugsi“, uns hann auðsjáanlega tók „ákvörðun“ er leiddi til umsvifa sem lukkuðust vegna þess að þau voru fyrirfram hugsuð („skipulögð“). Hins vegar sá ég litlu síðar sauðkind í líkri aðstöðu. Þar var allt öðruvísi að staðið, enda árangurinn eftir því. Því þróðri sem lífveran er því fullkomnari er skynjunin, uns ekki verður greint hvenær vitund er farin að vaxa upp úr henni, „ég veit af mér, þess vegna er ég til“.

Allt líf á jörðinni er talið vera af einum stofni. Það ýtir undir þá hugmynd að hafi líf hlutverki að gegna í þróun alheimsins þá eigi það við um allt líf, en ekki manninn einan.

Í bók Gunnars Dal, „Heimsmýnd okkar tíma“, er einn úr viðræðuhópi látinn segja:

„Það verður ekkert vit í þessari heimsmýnd okkar nema við gerum ráð fyrir því að efni, orka, andi og líf sé allt jafn upprunalegt og eigi sér sameiginlegan grundvöll.“

Við höfum fyrir satt að massi alheimsins hvorki aukist né minnki, heldur breyti aðeins um eðli og form. Af þessu mun leiða að öll orka nýtist á einhvern hátt, en geti ekki horfið sporlaust. En á hvern hátt á þá lífið, lífsorkan, sameiginlegan grundvöll með anda, annarri orku og efni, eins og fólkinu í bókinni hans Gunnars Dal þótti svo nauðsynlegt?

Hvað um allt það reginmagn af ýmis konar smágeru lífi sem deyr á hausti árs-tíðanna, og hvað um allt það þróðra líf sem deyr á hausti lífdaga sinna, þar á meðal manninn? Hér kemur svo til allur sá skari hnatta þar sem trúlegt þykir að líf muni dafna. Hvað um allt þetta líf, alla þessa orku, er hún ekki liður í stóra dæminu, heimsmýndinni? Eða er þetta eina orkan í henni veröld sem horfið getur sporlaust og án þess að nýtast til eins né neins í þróun alheimsins?

Af öllu stórfenglegu og undursamlegu í tilverunni er lífið þó það langmerkilegasta. Er ekki óhugsandi að allt það líf sem sér dagsins ljós sé til þess eins kveikt að hverfa sporlaust á hausti lífdaganna? Stríðir það ekki gegn lögmálum sköpunarverksins?

Lífið hlýtur að gegna mikilvægu hlutverki eftir að það skilur við líkamann, veigameira hlutverki en allt annað, kannski þarf „Skaparinn“ beinlínis á því að halda í þeirri eilífu hringrás alls sem er. Er það hofmóður að telja það hugsanlegt að þetta einstæða og undursamlega fyrirbæri, lífið og orka þess, nýtist allt á þann tigna hátt að eiga hlut í að byggja upp sjálfan „Guðdóminn“?

BÖRN STEFFENSEN